

Vorfundur Gammadeildar haldinn 30. maí 2018 í sumarbústað Herthu W. Jónsdóttur.

(jafnframt aðalfundur)

Lagt var af stað í rútu frá Verslunarskóla Íslands kl. 16 og haldið sem leið lá austur í Bláskógabyggð að Augabrún, sumarbústað Herthu. Þar tóku þær Hertha og Ingibjörg Einarsdóttir á móti hópnum með freyðivíni og bauð Hertha konur velkomnar og sagði aðeins frá sögu staðarins.

Formaður setti formlegan fund með því að kveikja á kertunum þremur. María var með nafnakall og kveðjur frá fjarstöddum konum.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Björg Eiríksdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Helga Thorlacius, Hildur Jóhannesdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir sagnfræðingur, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Sigrún Aðalbarnardóttir, Soffía Sveinsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Fundurinn hófst á venjulegum aðalfundarstörfum. Fráfarandi formaður, Ingibjörg Einarsdóttir stakk upp á Guðnýju Helgadóttur sem fundarstjóra og Helgu Thorlacius sem ritara, var það samþykkt einróma. Formaður flutti skýrslu stjórnar um starfstímabilið 2016–2018. Skýrslan var borin upp og samþykkt. Gjaldkeri, Björg Eiríksdóttir, kynnti reikninga deildarinnar áritaða af skoðunarmanni, Ingibjörgu Jónasdóttur. Reikningarnir voru einnig bornir upp og samþykktir. Formaður uppstillingarnefndar, Guðný Helgadóttir, kynnti tillögur um nýja stjórn fyrir starfstímabilið 2018–2020. Stungið var upp á Maríu Pálmadóttur sem formanni. Tillögur gerðar um aðrar konur í stjórn voru um Eddu Pétursdóttur, Herthu W. Jónsdóttur og Hildi Skarphéðinsdóttur. Tillögurnar voru samþykktar með lófataki. Skorað var á Ingibjörgu Jónasdóttur að sinna áfram starfi skoðunarmanns reikninga. Ingibjörg varð góðfúslega við þeirri áskorun. Gjaldkeri bar fram tillögu um að hækka ekki árgjald, þannig að það verður áfram 13 000 kr. Tillagan var samþykkt. Nýkjörinn formaður, María Pálmadóttir, kvaddi sér hljóðs. Hún þakkaði traustið sem henni væri sýnt og sagði að það væri ekki erfitt að taka við stjórn í félagi, þar sem konur væru svona jákvæðar og fúsar til að starfa. Hún þakkaði ennfremur fráfarandi stjórn starfið á liðnu tímabili og skálaði fyrir nýrri og gamalli stjórn. Fráfarandi formaður, Ingibjörg Einarsdóttir, óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju ennfremur þakkaði hún meðstjórnendum sínum og gjaldkera, gott samstarf með rós og fallettri ljóðabók.

Nú var borin fram dýrindis máltíð, sem Hertha og Ingibjörg Einarsdóttir áttu heiðurinn af að matbúa. Að lokum sungu konur saman afmælissöng Gammadeildar, sem frumfluttur var á 40 ára afmæli deildarinnar. Einnig lög úr sönghefti sem tekið hafði verið saman í tilefni af vorferðinni, þar á meðal frumflutt ljóð um Gammakonur eftir Hildi Jóhannesdóttur.

Ingibjörg Einarsdóttir færði húsráðandanum henni Herthu rós sem þakklætisvott fyrir frábærar móttökur. Að lokum sleit formaður síðasta fundi starfstímabilsins 2016–2018. Konur héldu aftur til síns heima með rútunni og veifuðu þeim Ingibjörgu og Herthu, sem stóðu á hlaðinu og veifuðu á móti.

Helga Thorlacius